LISTIÐN KVENNA

sýnd að Kjarvalsstöðum

JSS — Á laugardaginn kemur opnar Bandalag kvenna í Reykjavík sýningu á listiðn kvenna og verður hún að Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni verða verk eftir 30-40 konur og er langflest af því er sýnt verður unnið í nútímanum af nútíma listakonum. Þó eru nokkur verk eftir konur, sem nú eru látnar og einnig eftir núlifandi eldri konur, sem enn eru að skapa listaverk og hafa gert um árabil.

Meðal muna, sem á sýningunni verða má nefna vefnað margs konar, handiðir með listrænt gildi, ullar -og tóvinnu, sem unnin er á frumlegan hátt.

Þá gefur einnig að líta leirkerasmíði og keramik unnið af viðurkenndum listakonum, auk gull- og silfursmíði, sem einnig er á hávegum höfð. Sýningin stendur til 24. febrúar og verður opin daglega kl. 14-22. Nánar verður sagt frá henni í máli og myndum í sunnudagsblaði Tímans.



Frú Unnur Ágústsdóttir formaður Bandalagsins brá sér í þessa fallegu kápu, sem verður til sýnis, ásamt fjölda handunninna flíka, sem margar eiga eftir að vekja athygli sýningargesta.


Mynd Tryggvi.

Skattafrumvarp afgreitt til þriðju umræðu

— í neðri deild í gær

Með samhljóða atkvæðum þingmanna var frumvarp til breytingar á skattalögum afgreitt til þriðju umræðu frá neðri deild í gær. Fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar skilaði ítarlegu áliti við aðra umræðu um málið, og varð nefndin sammála um allmargar tillögur til breytinga á frumvarpinu. Þó varð ágreiningur í nefndinni um afskriftir af verðbreytingarhagnaði, sem er nýtt fyrirbæri í íslenskum skattalögum og þó víðar væri leitað.

Við aðra umræðu um skattafrumvarpið tóku til máls þeir Halldór Ásgrímsson, sem mælti fyrir áliti fjárhags- og viðskiptanefndar, Matthías Á. Mattísen og Sighvatur Björgvinsson. Nánari grein verður gerð fyrir þeim merku breytingum á skattalögunum, sem lagðar hafa verið til, í blaðinu á morgun.



Finnur Jónsson listmálari.

Finnur Jónsson listmálari:

Sæmdur gullmedalíu ítölsku akademíunnar

og gerður heiðursfélagi

FRI — Listaakademían ítalska sæmdi Finn Jónsson gullmedalíu sinni og gerði hann um leið að heiðursfélaga. Akademían mun hafa ákveðið þetta fyrir jólin á síðasta ári og fyrir stuttu var Finni send medalían og heiðursskjalið.

Að sögn Finns þá mun akademían hafa samþykkt þennan heiður honum til handa eftir rannsóknir á listamannsferli hans og verkum og hann samþykkti síðan að taka við þessu. Hann kvaðst vera mjög ánægður með heiðurinn.

Finnur átti tvö verk á málverkasýningu Evrópuráðsins í Strassborg 1970 en eftir þá sýningu taldi franska blaðið Figaró hann vera meðal fjögurra athyglisverðustu málaranna á sýningunni sem bar heitið „Evrópa 1925" og fékk hann mörg tilboð um sýningar víða um heim eftir það.

Síðasta sýning Finns hérlendis var yfirlitssýning fyrir 3 árum.

Stórgjöf til Hvergerðiskirkju

GH/HEI — Hveragerðiskirkju barst nýlega stórgjöf. Það var frú Sigríður Ólafsdóttir, Heiðmörk 75 í Hveragerði, sem færði kirkjunni eina milljón króna, er renna skal í klukknasjóð kirkjunnar. Gjöfin er til minningar um eiginmann Sigríðar, Jóhann Guðmundsson frá Ytra-Vallholti í Skagafirði.

Í klukkusjóði Hveragerðiskirkju eru nú röskar 2.2 milljónir króna. Er mikill áhugi fyrir að hefja sem fyrst byggingu klukkuports og að festa kaup á klukkum, enda stefnt að því að þessum framkvæmdum verði lokið á 10 ára afmæli kirkjunnar, sem er árið 1982.

Sóknarnefnd þakkar Sigríði hennar rausnarlegu gjöf. Einnig þakkar hún öðrum þeim en sent hafa kirkjunni gjafir og styrkt hana á ýmsan hátt, svo og fórnfúst og ómetanlegt sjálfboðaliðastarf kirkjukórs og organista.



Hveragerði

Hveragerði og Þorlákshöfn:

Óánægja með löggæslu

— teljum betra að hafa hreyfanlegt lið á einum stað, þ.e. Selfossi segir dómsmálaráðuneytið

FRI — Eins og áður hefur komið fram í Tímanum, þá eru Hvergerðingar óánægðir með að lögreglumaður hafi ekki fast aðsetur í Hveragerði. Þetta á einnig við um Þorlákshöfn en þar vilja menn hafa fastan lögreglumann meðan á vetrarvertíð stendur. Lögreglan á Selfossi annast nú löggæslu fyrir þessa staði.

„Við erum ekki ánægð með löggæsluna hérna en þetta mál hefur verið í athugun hjá dómsmálaráðuneytinu í langan tíma en við höfum skrifað dómsmálaráðherrum síðustu ára bréf um málið" sagði Sigurður Pálsson sveitarstjóri í Hveragerði, „við höfum nú aðstöðu fyrir lögreglumenn hér og leigjum hana út til lögreglunnar á Selfossi. Við viljum fá hér 2 fasta menn sem myndu starfa með lögreglunni á Selfossi.

„Það er full ástæða til þess að hafa hér lögreglumann á vetrarvertíð" sagði Þorvarður Vilhjálmsson oddviti í Þorlákshöfn. Það eru oft 20—30 bátar hér við bryggju á vertíðinni og ef þeir eru á netaveiðum þá eru um 10—12 menn á bát þannig að mannfjöldi í plássinu getur farið í tæp 1200. Bæði landshafnarstjórnin og félagasamtök hér hafa óskað eftir því að lögreglumaður hefði fast aðsetur meðan á vetrarvertíð stæði".

Að sögn Hjalta Zophaníusarsonar lögfræðings hjá dómsmálaráðuneytinu þá telur ráðuneytið í samráði við lögregluna á Selfossi það vera betra að hafa hreyfanlegt lið á einum stað þ.e. Selfossi og hefur það gefist vel hingað til. Að því er Hveragerði varðar þá eru aðein 13 km. þangað frá Selfossi og því ætti löggæslan að vera fullnægjandi. Það er svo aftur á móti annað mál með Þorlákshöfn þar sem lengra er að sækja þangað. Hinsvegar hefur lögreglumaður verið þar á vetrarvertíð í tilraunaskyni.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi þá þjónar hún allri sýslunni og hefur það gengið vel hingað til. Í liðinu eru 16 menn og ef dreifa ætti mannskapnum á alla þéttbýliskjarnana þ.e. Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri þá þýddi það mikla fjölgun á mannafla.

Það er aðeins 15 mín. akstur á þrjá þessara staða og í Þorlákshöfn er lögreglan meira viðloðandi þegar vertíð stendur yfir.

Niðurstaða sakadóms í „Guðmundar RE-málinu":

Sýkn

Sök fyrnd

FRI — Fyrir stuttu gekk dómur í svokölluðu Guðmundar RE-máli fyrir Sakadómi Reykjavíkur. Hinir ákærðu í málinu voru sýknaðir og sökin talin fyrnd.

Málið var fjögur ár að velkjast í kerfinu frá því að ríkissaksóknari fékk það frá Seðlabankanum en Guðmundur RE var keyptur frá Noregi 1972 fyrir 6,6 millj. n.kr. Síðan voru kaupendum endurgreiddar 200.000 n.kr. þannig að kaupverð var 6,4 millj.

Seðlabankinn kærði kaupin 1975 og ríkissaksóknari gaf út kæru 9. febr. 1978 á hendur kaupendum skipsins þeim Hrólfi S. Gunnarssyni skipstjóra og Páli Guðmundssyni skipstjóra auk Þorfinns Egilssonar lögfræðings, en hann tók þátt í samningum um kaupin.

Kæran hljóðaði upp á fjársvik, rangar skýrslur og gjaldeyrislagabrot.

Auglýsið í Tímanum